

Betri samgöngur ohf.

Garðabær, 18. júní 2026

202606-0009/P.V.B.

10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda - Skerjafjörður innan Kópavogs

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Betri samgöngur ohf., dagsett 3. júní 2026, um leyfi til framkvæmda vegna göngu-og hjólastígs vestan Hafnarfjarðarvegar við Voginn í Kópavogi innan búsvæðaverndarsvæðis í Skerjafirði innan Kópavogs.

Skerjafjörður innan Kópavogs er friðlýstur sem búsvæðaverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 190/2012](#). Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi á verndarsvæðinu hvort heldur er í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði fyrir náttúrulega endurnýjun staðargróðurs með það að markmiði að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Jarðrask í fjöru eða á leirum og hafsbotni og önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Kópavogsbæjar og skal vera í samræmi við staðfest skipulag. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á verndarsvæðinu þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir svo sem vegna viðhalds á varnargörðum, bakkavörnum og fráveita eru heimilar. Jafnframt verði heimilt að viðhalda dýpi í og við höfnina á norðurströnd Kársness og innsiglingu hennar.

Lýsing verkefnis:

Framkvæmdir vegna breikkunar á stíg milli Kópavogs og Garðabæjar nær að litlum hluta inn fyrir búsvæðaverndarsvæðið í Skerjafirði innan Kópavogs. Fyrirhugað er að breyta manngerði grjótvörn til þess að koma fyrir nýrri stálgrindabru við ósinn og tengja stígana að henni. Gert er ráð fyrir að hrófla ekki við fjörunni og leyfa neðstu hleðslu að halda sér, en þörf er á að breyta manngerðri hleðslu (án þess þó að hrófla við strandlengjunni) til að koma fyrir nýrri stálgrindabru og tengja stíga að henni. Hjáleidd verður útfærð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á vegöxl Hafnarfjarðarvegar, vörn verður sett upp til að tryggja öryggi þeirra. Að verkefninu kæmu 4-6 starfsmenn og er ráðgert að fara í framkvæmdina á tímabilinu 1. júlí 2026 til 1. október 2026.

Áhrifamat:

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin hafa tímabundin neikvæð áhrif á það svæði sem framkvæmdin nær yfir. Náttúruverndarstofnun telur, að sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu, sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins.

Niðurstaða og skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Betri samgöngur ohf. fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan búsvæðaverndarsvæðis í Skerjafirði innan Kópavogs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá 15. júlí til 1. október 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst innan friðlýsta svæðisins og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleidir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Óheimilt er að aka í fjörunni eða geyma þar efni vegna framkvæmdarinnar.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að hefja framkvæmdir á tímabilinu 1. maí til 15. júlí.
- Gæta skal að mengunarvörnum vélknúina tækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands eða ef skilyrðum leyfisins er ekki fylgt.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Umsýslugjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um framkvæmdir, kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. **83.200.-** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 290/2026.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

René Biasone
svæðasérfræðingur